



Reykjavík, 12. júní 2019
VEL2019040024
10.0

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð
bt. sviðsstjóra ÍTR
Borgartún 12-14
105 REYKJAVÍK

Erindi frá betri Reykjavík um frístundastyrk fyrir öryrkja - R19010063

Á fundi velferðarráðs þann 5. júní sl. var lagt fram erindi dags. 10. apríl 2019, frá fundi mannréttinda- og lýðræðisráðs þann 7. mars 2019, um frístundastyrk fyrir öryrkja ásamt umsögn velferðarsviðs, dags. 5. júní 2019.

Lagt var til að erindinu, ásamt umsögn velferðarsviðs, verði vísað til menningar, íþróttá- og tómstundaráðs.
Samþykkt.

Erindið ásamt umsögn velferðarsviðs er hér með sent til menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Afrit:
Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar



Lagt fyrir 355 fund velferðarráðs, 5. júní 2019

VEL2019040024

RÁ/kg

Umsögn

Efni: Erindi frá Betri Reykjavík um fristudastyrk fyrir öryrkja – R19010063

Forsaga:

Á fundi mannrétilanda- og lýðræðisráðs þann 7. mars 2019 var samþykkt að framvísa erindi frá Betri Reykjavík um fristundastyrk fyrir öryrkja til meðferðar velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Flokkur fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins styður eindregið að leitað verði leiða til að satlaðir og öryrkjar geti fengið fristundakort og þannig tekið edlilega þátt i ýmis konar starfsemi sem Reykjavík býður upp á.

Erindið barst velferðarsviði Reykjavíkurborgar 10. apríl 2019.

Greinargerð:

Í tillögu um Betri Reykjavík koma fram þau rök að virkni sé mjög mikilvæg þegar glímt er við örorku og fristundastykur geti haft mjög hvetjandi áhrif.

Reykjavíkurborg hefur komið á styrkjakerfi í fristundastarfí fyrir 6-18 ára börn og unglingsi í Reykjavík. Styrknum er hægt að ráðstafa rafrænt til félaga sem eru aðilar að Fristundakortinu og er upphæðin 50.000 kr. á barn á ári. Með Fristundakortinu má greiða að hluta eða að fullu fyrir íþrótt-, lista- og tómstundastarfsemi á vegum félaga og samtaka sem starfa í Reykjavík og nágrannasveitarfélögum. Styrkhæf starfsemi þarf að vera í 10 vikur samfellt hið minnsta. Ekki er um beingreiðslur til forráðamanna að ræða, heldur hafa þeir rétt til að ráðstafa tilgreindri upphæð í nafni barns síns til niðurgreiðslu á þátttöku- og æfingagjöldum. Öll skráning og umsýsla Fristundakortsins fer fram með rafrænum hætti á Rafrænni Reykjavík. Aðildarfélög fristundakortsins voru árið 2017 í kringum 200. Ef um yrði að ræða fristundastyrk til öryrkja mætti mögulega haga framkvæmd með sambærilegum hætti og gert er í dag vegna barna og ungmenna. Menningar- íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar veitir styrki til félaga og styrkir þátttöku barna og unglingsi í starfsemi þeirra með Fristundakortinu.

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Tryggingastofnunar eru rétt rúmlega 7.000 einstaklingar í Reykjavík með 75% örorkumat. Á vef þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar <https://www.thekkingarmidstod.is/rettindi/fjarmal/afslattur/> er yfirlit yfir

ýmsa þá afslætti sem bjóðast öryrkjum. Fram kemur að nokkrar líkamsræktarstöðvar veita frá 15-25% afslátt af kortum. Samkvæmt upplýsingum frá Íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík greiða þátttakendur ákveðna upphæð á mánuði í æfingagjald, eftir því hversu oft er æft í viku. Mánaðargjald fyrir eina æfingu í viku er kr. 2.900, fyrir tvær æfingar kr. 3.800 og fyrir þrjár æfingar 4.200. Samband var haft við nokkur íþóttafélög í Reykjavík og veita þau engan sérstakan afslátt til öryrkja.

Í Reykjavík er frítt í sund fyrir öryrkja sem sýna örorkuskírteini eða sundkort ÍTR, og einnig er frítt á öll söfn.

Niðurstaða:

Ekki er um það deilt að tækifæri til að njóta frístunda og félagsstarfs er mikilvægt öllum einstaklingum. Reykjavíkurborg hefur komið á styrkjakerfi fyrir börn 6-18 ára en markmið og tilgangur Frístundakortsins er að öll börn og unglingar geti tekið þátt í uppbryggilegu frístundastarfí óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþrótt-, lista- og tómstundastarfsemi. Svipuð rök mætti færa fyrir frístundakorti fyrir öryrkja. Eins og fram hefur komið njóta öryrkjar í dag ýmissa fríðinda og afsláttarkjara en þau eru þó eru takmörkuð. Frístundakortið fyrir börn og ungmenni er óháð tekjum foreldra en ef ákveðið væri að veita það til öryrkja mætti mögulega tekjutengja það og veita þeim hópi öryrkja sem hefur eingöngu grunnlífeyri lífseyristrygginga sér til framfærис. Kostnaður við að veita 7.000 öryrkjum í Reykjavík frístundastyrk að fjárhæð 50.000 kr. væri 350 mkr. á ári, miðað við að allir nýttu hann. Hugsanlega mætti miða við lægri fjárhæð eða ákveðnar tekjur.

Velferðarsvið lítur veitingu frístundastyrks til öryrkja jákvæðum augum. Ákvarðanir um veitingu frístundastyrkja og framkvæmd frístundakortsins og samninga er að því lúta falla hins vegar undir menningar- íþrótt- og tómstundasvið og ráð og því er það mat velferðarsviðs að vísa beri tillögunni þangað.

Pín rödd í ráðum borgarinnar
Hugmynd frá samráðsvef Betri Reykjavík
5. febrúar 2019

Heiti erindis: Fristundastyrkur fyrir öryrkja
Málflokkur: Mannréttindi
Viðtakandi erindis: Mannréttinda- og lýðræðisráð
Efst í málflokknum: Já
Meðal fimm efstu : Já, 3/5

Athugasemdir:

Fjöldi með hugmynd: 54	Fjöldi á móti hugmynd: 1
------------------------	--------------------------

Lýsing: Útvikka þarf stuðning gegnum fristundakort þannig að öryrkjar fái slikan stuðning þegar þeir skipta við aðila sem eru með slikan samning við borgina.

Rök með hugmynd:	Rök gegn hugmynd:
Virkni er mjög mikilvæg þegar glímt er við örorku og fristundastyrkur getur haft mjög hvetjandi áhrif.	
Aldraðir þurfa líka reglulega hreyfingu og félagsleg samskipti.	



Reykjavíkurborg
mannréttindaskrifstofa

Reykjavík, 10. apríl 2019
R19010063
100

Velferðarsvið

Borgartún 10 - 12
105 REYKJAVÍK

Erindi frá Betri Reykjavík um fristundastyrk fyrir öryrkja

Á fundi mannréttinda- og lýðræðisráðs þann 7. mars 2019 var samþykkt að framvísa erindi frá Betri Reykjavík um fristundastyrk fyrir öryrkja, til meðferðar Velferðasviðs Reykjavíkurborgar, sbr. 6. lið fundargerðar s.d.

Flokkur fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins styður eindregið að leitað verði leiða til að fatlaðir og öryrkjar geti fengið fristundakort og þannig tekið eðlilega þátt í ýmis konar starfsemi sem Reykjavík býður upp á.

Það tilkynnist hér með og beðist velvirðingar á því hversu seint tilkynning berst.

Virðingarfyllst

Elísabet Pétursdóttir

Hjálagt:

Erindi frá Betri Reykjavík um fristundastyrk fyrir öryrkja.

SKJALAVER HÖFÐATORGI
16. APR. 2019
Málsnr.: VJL 2019-04-0024
Bréfalykill: 10.0